

75. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 19. mars 2024, kl. 15:00 á fjarfundi.

Mættir: S. Guðrún Hauksdóttir formaður, Ketill S. Jóelsson, Jón Kort Ólafsson, Katrín Freysdóttir, Ida Semey fulltrúi kennara, Hanna Valdís Hólmarsdóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Íris Hauksdóttir mætti ekki og boðaði ekki varamann.

Dagskrá

1. Starfsmannamál, auglýsingar

Skólameistari gerði grein fyrir stöðu starfsmannamála. Tryggvi Hrólfsson mun koma aftur úr námsleyfi næsta haust. Inga Þórunn Waage hefur leyst hann af en einnig kennt íslensku fyrir útlendinga. Áhugi er fyrir því að hún haldi því áfram og þarf því að auglýsa þá stöðu. Karólína Baldvinsdóttir hefur óskað eftir 50% launalauslu leyfi næsta skólaár.

2. Rekstrarniðurstöður fyrra árs

Skólameistari gerði grein fyrir rekstrarniðurstöðum fyrra árs í fjarveru fjármálastjóra.

3. Störf skólanefndar

Skólameistari fór yfir starfsáætlun skólanefndar og ræddi um hvort ástæða væri til að breyta einhverju í áætluninni. Formaður bar upp við nefndarmenn hvort þeir vildu breyta einhverju. Enginn óskaði eftir breytingum og er því gert ráð fyrir að áætlunin haldi sér.

4. Önnur mál

4.1 Vinna við hugsanlega veru Grunnskóla Fjallabyggðar í húsnæði MTR

Skólameistari upplýsti skólanefnd um stöðu vinnu sem er í gangi vegna hugsanlegrar nýtingar Grunnskóla Fjallabyggðar á hluta af skólahúsnæðinu. Hugmyndin er að GF fái hluta af skólahúsnæðinu til afnota haustið 2025. Nú er unnið að því að greina hverjar þarfir Grunnskólans eru og málið því í ferli. Ekki hefur verið tekin lokaákvörðun í málinu.

Formaður skólanefndar gerði grein fyrir sjónarhorni sínu sem sveitarstjórnarmaður og lýsti yfir ánægju sinni með að hægt hefði verið á málinu svo náist að vinna það betur.

4.2 Námskeið stjórnenda

Skólameistari sagði frá námskeiðum sem stjórnendur hafa sótt að undanfögnu. Hún nefndi að mikil áhersla væri í skólanum um símenntun starfsmanna. Hún sótti Erasmus-námskeið í listum með umhverfislegu ívafi á Lanzarote ásamt 2 kennurum skólans. Námskeiðið var mjög vel heppnað. Aðstoðarskólameistari sótti á sama tíma Erasmus-námskeið í Dublin þar sem viðfangsefnið var gervigreind og kennsla. Með henni voru einnig tveir kennarar og var hópurinn afar ánægður með námskeiðið og kom heim með ýmsar hugmyndir. Þá sóttu stjórnendur stjórnendanámskeið á Hellu í síðustu viku. Þar var kanadískur leiðbeinandi og viðfangsefnið var leiðtogar og forysta í skólastarfi.

4.3 Nám fyrir eldri borgara í notkun upplýsingatækni

Lára og Hanna Valdís gerðu grein fyrir áfanga sem er í undirbúningi varðandi kennslu eldri borgara í notkun upplýsingatækni, síma og snjalltækja. Hugmyndin er að nemendur MTR skrái sig í áfanga þar sem þeir læra að aðstoða eldra fólk við notkun tækninnar. Áætlað er að áfanginn verði í boði á næstu vorönn. Nefndarmenn lýstu ánægju með hugmyndina.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:42.